

Virðisaukaskattur ekki á íslenskar bækur eftir 1. september:

Stefnt að því að bækur lækki í verði frá því sem var í fyrra

— segir Jón Karlsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

Eins og kunnugt er hverfur virðisaukaskattur af bókum 1. september. Niðurfelling skattsins sem er 24,5% mun því hafa veruleg áhrif á verð nýrra bóka á komandi jólabókaverftíð. Í fyrra var reynt að forðast að íslenskar bækur kostuðu meira en 3000 kr. Allar eldri bækur munu strax lækka sem nemur skattinum, en hvert verður verð nýra bóka í ár? DV leitaði til Jóns Karlssonar, formanns félags íslenskra bókaútgef-

enda um það hvort hann hefði einhverja hugmynd um verð á nýjum bókum fyrir jólni:

„Það sem er eðlilegt er að taka bókaverð sem var við útkomu í fyrra, reikna það fram sem nemur vístölu og draga frá virðisaukaskattinn. Hins vegar munu útgefendur reyna að gera enn betur. Við erum að berjast við að ná verði niður eins og hægt er, en það er ljóst að virðisaukaskatturinn fer af bókum eins og hann

leggur sig.“

Jón sagði í framhaldi að margir útgefendur stefndu að því að bækur þeirra yrðu í lægra verði en í fyrra, en þá þíndu þeir sig niður eins og hægt var og voru langt fyrir neðan þá hækkun sem verðbólgan á árinu hafði gefið tilefni til. „Það er alveg öruggt að útgefendur munu ekki taka til sín þessa hækkun, þvert á móti. Þeir eru mjög meðvitaðir um að almenningur fylgist grannt með hvað

nýjar bækur munu kosta.“

Aðspurður hvort aukning yrði á titlafjölda taldi Jón að svo yrði ekki: „Búast má við álíka fjölda og í fyrra þótt það sé ljóst að fjöldi titla er í algjöru hámarki miðað við þann markað sem útgefendur hafa. Markaðurinn er lítill, en gerir samt kröfur um ákveðna fjölbreytni sem við verðum að fylgja.“

-HK

Jón Óttar skrifar sögu Stöðvar 2

Ein þeirra bóka sem væntanlega mun vekja forvitni á komandi jólavertíð er bók Jóns Óttars Ragnarssonar, fyrrverandi sjónvarpsstjóra, sem hann er að vinna að og fjallar um Stöð 2. Mun hann þar skrifa tæpingu-laust um Stöðina, hvernig hún varð til og hvernig málin þróuðust.

„Þetta er bæði saga Stöðvar 2, hvernig hún varð til og einnig uppgjör mitt við Stöðina. Ég tel að fólk sé orðið ruglað á því hvað hefur verið að ske og að það sé margt í bókinni sem eigi eftir að koma á óvart, ekki bara um mál-efni Stöðvarinnar, heldur einnig margt annað, til að mynda bankakerfið,“ sagði Jón Óttar þegar hann var spurður um innihald bókarinnar. Það er bókaútgáfan Íðunn sem gefur bókina út.



Jón Óttar Ragnarsson skrifar bók um Stöð 2.

Kjarvalsstaðir á komandi vetri:

Yoko Ono og Christo koma í til-efni sýninga á verkum þeirra

Eins og vera ber bjóða Kjarvalsstaðir upp á fjölbreytta myndlist í vetur. Til að fræða lesendur um hvað framundan er var spjallað við Gunnar Kvaran, forstöðumann Kjarvalsstaða, um árið í ár og hvað boðið væri upp á.

Gunnar sagði að það hafi gerst 1988 að Menningarmálanefnd Reykjavíkur ákvað að Kjarvalsstaðir skyldu hafa meira frumkvæði um eigin sýningar og að Kjarvalsstaðir ættu að skipuleggja sýningarprógrammið lengra fram í tímann en áður hefði verið gert. Þá var einnig samþykkt að á hverju ári skyldi verða eftir til einnar íslenskrar yfirlitssýningar og yrði hún samhlíða sýningum eftir innlenda einstaklinga. Í tengslum við þessar sýningar yrðu gefnar út veglegar sýningarskrár auk þess sem Kjarvalsstaðir myndu beita sér fyrir því að fá þessar sýndar erlendis. Einnig var samþykkt að reynt yrði að fá erlendar sýningar til Kjarvalsstaða.

„Í ár hefur þessu prógrammi verið fylgt,“ segir Gunnar. „Þegar hefur verið yfirlitssýning á verkum eftir SUM-listamenn og síðan voru sýningar á verkum eftir Kristján Guðmundsson og Helga Þorgils Friðjónsson. Þá var stór sýning á höggmyndalist fram til 1950. Og við höfum þegar haft sýningu á erlendra list. Vorum með sýningu á fornleysisáhrifum úr Riis safninu í Osló.“

Næsta stórsýning á Kjarvalsstöðum verður opnuð um næstu helgi. Þar er ætlunin að draga fram úrval verka septemberhópsins frá 1947–1952 og síðan úrval verka frá septem-hópnum sem hefur starfað frá 1970 til dagsins í dag. Þetta er nokkurs konar uppgjör því septemhópurinn ætlar að slíta þessu samstarfi fornlega nú.

Næsta sýning verður svo boðssýning sem opnuð verður 27. október á verkum eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur sem er myndlistakona sem býr í Bandaríkjunum og hefur verið þar síðasta áratug. „Brynhildur er örugglega með persónulegri listakonu okkar Íslendinga og hefur hún verið að vinna með hálfgráttar myndir og er nú að vinna verk sem hún kallar landslagsskúlptúra. Verður spennandi að sjá hvernig þau verk koma til með að líta út.“


Sama dag verður opnuð sýning í samvinnu við Menningarstofnun Bandaríkjanna á inúitlist og kemur sýningin frá Smithsonian safninu. „Þetta er að nokkru leyti þjóðháttasýning þar sem valin hafa verið verk frá eskimóum sem búa í Alaska. Sýningin er mjög vel hönnuð.“

Af öðrum stórsýningum vetrarins má nefna Kjarvalssýningu sem verður samhlíða einkasýningum hjá Ólafi Lárussyni og Kristni Hrafnssyni.

„Eitt að því sem Menningarmálanefndin hefur lagt áherslu á er að Kjarval fái aftur rými hér á Kjarvalsstöðum. Það var þannig komið að hann var farinn að verða útundan, en nú verður reynt að koma í veg fyrir það. Stefnt verður á það að það verði sýningar á Kjarval, bæði vetur og sumar, annars vegar sýningar sem höfðu til skólanema og hins vegar yfirlitssýning á verkum hans sem höfðu meira til túrista sem koma á sumrin.“

Gunnar segir þetta í stórum dráttum það sem er um að vera á Kjarvalsstöðum það sem eftir er ársins. Á næsta ári eru mörg stórvörk efni.

„Stærstu sýningar á næsta ári koma erlendis



Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, við nýja afsteypu af verki Ásmundar Sveinssonar, Móðir mín í kví kví. Afsteypa þessi er merkileg fyrir þær sakir að hún er steypd í einu lagi sem er fátítt þegar um er að ræða afsteypu af þessari stærðargráðu. DV-mynd JAK

frá. Má þar nefna stóra yfirlitssýningu á verkum Yoko Ono og verkum Fluxus hópsins sem hefst 27. apríl. Yoko, sem er fyrst og fremst fræg fyrir að hafa verið gift John Lennon, er mikil listakona í framúrsteffulust og verður úrval verka hennar á sýningunni. Hún mun koma sjálf til landsins og vera við opnun sýningarinnar. Samhlíða sýningu á verkum hennar verður yfirlitssýning á verkum Fluxus hópsins sem hún tilheyrir. Þetta er mikil framúrsteffuhreyfing sem hafnar hefðbundnum hugmyndum um fagurfræði. Þau gerðu í því að storka hinu hefðbundna listmáti. Má segja að Fluxus sé frumleg list sem er misjafnlega aðgengileg.“

Í beinu framhaldi af Yoko Ono kemur ekki minni maður til landsins með sýningu í farangrinum. Er það hinn bandaríski Christo. Hann er frægur fyrir að hafa pakkað inn þinghúsinu í Berlín til að mynda og eyjum í Kyrrahafinu. Ekki er vitað hvort hann þakki einhverju inn hér á landi, en gárungarnir segja að hann ætli að pakka inn loftinu. Sýning hans byggist annars á hlutum og skissum sem hann hefur gert, en hvort sem hann þakkar inn loftinu eða ekki á hann örugglega eftir að gera eitthvað sem kemur landanum á óvart.

Þetta er það helsta sem verður í vetur á Kjarvalsstöðum. Ekki var búið að staðfesta nokkrar einkasýningar sem einnig verða, en fljótlega

verður ljóst hverjir fá inni með einkasýningar á Kjarvalsstöðum í vetur.

Að lokum má geta stórmerkilegrar sýningar sem mun verða á Kjarvalsstöðum í júlí á næsta ári. Er það yfirlitssýning á japanskri nútímalist. „Þetta er sýning sem verður í öllu húsinu,“ segir Gunnar Kvaran. „Er þar um að ræða úrval sem kemur af Seiko safninu í Tokýó. Kemur sýningin hér vegna milligöngu Ólafs B. Thors, ræðismanns Japans á Íslandi, og er algjörlega fjármögnuð af Japönnum sjálfum. Er mikill akkur í þessari sýningu sem hefði verið illviðráðanlegt ef Kjarvalsstaðir hefðu þurft að borga flutninginn.“ Þá má einnig nefna sýningu á verkum franska listamannsins Fernard Leger sem verður síðla árs 1991. Er þar um að ræða sýningu sem á að draga fram tengsl Leger við Norðurlöndin.

Aðspurður um aðsóknina að Kjarvalsstöðum sagði Gunnar að hún hefði ekki verið jafnmikil og 1989 sem var algjört metár. Þá komu 110 þúsund manns á sýningar og munaði þar mest um ERRÓ sýninguna en rúmlega 30.000 manns sáu hana. Ljóst er að sýningargestir á Kjarvalsstöðum verða ekki eins margir í ár, an aðsókn hefur samt verið góð að nokkrum sýningum. Mest sóttá sýningin í ár er Riis sýningin sem var í febrúar og mars. Af einstaklingssýningum hefur sýning Tolla fengið mesta aðsókn það sem af er árinu. -HK

Fjórða tíma-bil Kvikmyndaklúbbsins hafið

Kvikmyndaklúbbur Íslands hóf fjórða starfstímabili sitt síðastliðinn föstudag með sýningu á bresku kvikmyndinni The Great Rock 'n' roll Swindle sem gerð var 1980 og Julian Temple leikstýrir. Undanfarnin ár hefur verið gefinn út bæklingur með þeim kvikmyndum sem væntanlega verða teknar til sýninga á komandi tímabili. Ekki verður svo nú. Í stað þess mun koma öðru hverju fréttabréf á vegum klúbbsins sem segir frá væntanlegum kvikmyndum. Annað sem tekur breytingum í rekstri Kvikmyndaklúbbs Íslands er að ekki verður krafist fasts félagsgjald en í verði hvers miða, sem kostar 250 krónur, er innifalið félagsgjald. Næsta sýning á vegum kvikmyndaklúbbsins verður væntanlega á laugardaginn í Regnboganum. Þá verður sýnd franska myndin Mauvais Sang (Spillt blóð) sem Leos Carax leikstýrir.

Stór skammtur af skáldum

Í kvöld munu nokkur skáld koma saman á Hótel Borg og lesa úr verkum sínum. Skáldin sem mæta eru Þorri, Steinar Sigurjónsson, Jónas Svafar, Jóhann Magnús Gezzon, Ólafur Páll, Pálmi Örn Guðmundsson, Nína Björk og Magnús Ólafsson. Skáld þessi koma úr ólíku hverfi og tilheyrja ýmsum aldri. Öll eru þau samt fulltrúar síns aldursskeiðs. Sum þeirra hafa ekki flutt verk sín opinberlega. Áheyrendur geta átt von á því að heyra bæði bundið mál og prósa. Samkoman hefst kl. 21 með því að trúbadorinn GG Gunn leikur léttu tónlist. Kynnir á skáldakvöldinu verður Rúnar Guðbrandsson.